

## AUGLÝSING

### um breyting á aðalnámskrá framhaldsskóla.

#### 1. gr.

Menntamálaráðherra hefur staðfest breytingu á almennum hluta aðalnámskrár framhaldsskóla, sbr. auglýsingu nr. 274/1999 um gildistöku aðalnámskrár framhaldsskóla, svo sem nánar er kveðið á um í auglýsingu þessari.

#### 2. gr.

Brautarlýsing fyrir námsbraut í netagerð á bls. 102 orðist svo:

#### NETAGERÐ (NG9)

##### Samningsbundið iðnnám 48 ein.

Netagerð er löggilt iðngrein. Meðalnámstími í netagerð er þrjú ár, 3 annir í skóla og 88 vikna starfsþjálfun í fyrirtæki. Markmið námsins er að gera nemendum kleift að takast á við þau viðfangsefni sem netagerðarmenn fást við, þ.e. að sjá um hönnun, framleiðslu, viðhald og viðgerðir á veiðarfærum. Náminu lýkur með sveinsprófi sem veitir rétt til starfa í iðninni og til inngöngu í meistaraskóla.

##### Almennar greinar

**12 einingar**

Enska	ENS 102	2 ein.
Íslenska	ÍSL 102	2 ein.
Stærðfræði	STÆ 102	2 ein.
Lífsleikni	LKN 103	3 ein.
Íþróttir	ÍÞR 101, 111, 201	3 ein.

##### Sérgreinar

**36 einingar**

Efnisfræði	ENG 102	2 ein.
Enska fyrir netagerð	ENS 211	1 ein.
Fagleg netagerð	FNG 103	3 ein.
Eðlisfræði	EÐL 103	3 ein.
Grunnteikning	GRT 103, 203	6 ein.
Haf- og fiskifræði	HAF 102	2 ein.
Iðnteikning	ITN 103, 205	8 ein.
Líkanagerð	LÍK 103	3 ein.
Lög og reglugerðir	LOR 101	1 ein.
Rafmagnsfræði	RAF 101	1 ein.
Stærðfræði	STÆ 122	2 ein.
Veiðar og veiðarfærafræði	VOV 103	3 ein.
Öryggis- og félagsmál	ÖRF 101	1 ein.

#### 3. gr.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

*Menntamálaráðuneytinu, 24. janúar 2003.*

**Tómas Ingi Olrich.**

*Guðmundur Árnason.*